

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 147/2001

frá 11. desember 2001

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2001 frá 23. nóvember 2001⁽¹⁾.
- 2) Fjórar gerðir um málefni varðandi eftirlit skulu felldar inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun þessi gildir hvorki um Ísland né Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Texti ákvarðana 2000/685/EB⁽²⁾, 2000/715/EB⁽³⁾, 2000/734/EB⁽⁴⁾ og 2000/743/EB⁽⁵⁾ á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 22, 24.1.2002, bls. 15 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 6, 24.1.2002, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 283, 9.11.2000, bls. 44.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 290, 17.11.2000, bls. 51.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 295, 23.11.2000, bls. 35.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 300, 29.11.2000, bls. 28.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. desember 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 11. desember 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

B. Grydeland

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI
við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2001

Hluta 1.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er hér á eftir.

1. Eftirfarandi liður bætist við 105. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/598/EB):

„, eins og henni var breytt með:

32000 D 0743: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/743/EB frá 28. nóvember 2000 (Stjtið. EB L 300, 29.11.2000, bls. 28).“

2. Eftirfarandi liðir komi aftan við 106. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/571/EB):

„107. **32000 D 0685:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/685/EB frá 7. nóvember 2000 um tiltekna verndarráðstafanir gegn blátungu á Sikiley og í Kalabríu, Ítalíu (Stjtið. EB L 283, 9.11.2000, bls. 44), eins og henni var breytt með:

- **32000 D 0743:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/743/EB frá 28. nóvember 2000 (Stjtið. EB L 300, 29.11.2000, bls. 28).

108. **32000 D 0715:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/715/EB frá 7. nóvember 2000 um tiltekna verndarráðstafanir gegn blátungu í sjálfstjórnarfylkinu Baleareyjum, Spáni (Stjtið. EB L 290, 17.11.2000, bls. 51).

109. **32000 D 0734:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/734/EB frá 22. nóvember 2000 um tiltekna verndarráðstafanir gegn blátungu á Korsíku, Frakklandi (Stjtið. EB L 295, 23.11.2000, bls. 35).“